

Skólameistarafundur 11.11.2014

Mættir: Kári Bjarnason, Jóhanna Ýr Jónsdóttir, Trausti Hjaltason, Margrét Lilja Magnúsdóttir, Elín Jóhannsdóttir, Daði Steinn Jónsson, Thelma Gunnarsdóttir og Helga Kristín Kolbeins

Settur skólameistari setti fund og stjórnaði fundi.

Dagskrá.

1. Staða og framtíð FÍV.

Skólameistari fór yfir að rekstur skólans væri þungur ásamt því að skólinn eigi við uppsafnaðan rekstrarhalla að stríða. Það sama á við flesta framhaldsskóla landsins og er bráðavandi í framhaldsskólakerfinu um 400 milljónir og er gerð krafa um að fá þá fjárhæð inn í kerfið í fjárákögum, hvernig sú skipting verður á að setja fram fyrir aðra umræðu. Það vantar 2-2,5 milljarða til reksturs skólanna.

Launastika reiknilíkansins er enn röng þó að hún hafi lagast.

FÍV fékk leiðréttingu vegna launahækkana, en hún dugir ekki til að laga stöðuna. Skólinn á eftir að fá uppgjör vegna starfsbrautar fyrir fatlaða og íslensku kennslu fyrir tvö einstaklinga sem ekki hafa íslensku sem móðurmál.

Skólinn skilar rekstraráætlun næsta árs í lok nóvember 2014 og við gerð þeirrar áætlunar verður brugðist við vandanum og settar fram tillögur hvernig á að takast á við hann.

Við rekstraráætlun verða markmið skólans höfð að leiðarljósi eins og í öllu starfi skólans.

Fjölbreytt gæðanám á að standa nemendum FÍV til boða.

Framtíð FÍV

Skólameistari er það sem af er vetri búinn að sitja tvo fundi með ráðherra og einn með ráðuneytismönnum og skólameisturum Fjölbreyttaskóla Suðurlands og Menntaskólans á Laugarvatni. Á öllum þeim fundum hefur verið talað um sameiningu skóla á landsbyggðinni og með afgerandi hætti á síðasta fundi.


Hugmyndir eru um að hvert landsvæði reki öflugan framhaldsskóla með starfsstöðum, þannig að þeir staðir sem hafa framhaldsskóla í dag haldi þeim. Þannig verður sameinað eftir landssvæðum, sameiginlegt námsframboð og kennarar kenna víða.

Helstu rökin með sameiningum er að spara rekstrarkostnað og auka fagmennsku.

Langmest af útgjöldum FÍV eru vegna launakostnaðar sem verður til vegna kennslu. Hann minnkar ekki nema dregið verði verulega úr námsframboði og það er ekki það sem sameiningunni er ætlað, heldur þvert á móti eiga að verða til fleiri námstækifæri.

Sameiningunni er einnig ætlað að tryggja gæði náms en það ætlum við að tryggja með gæðastjórnun og erum vel á veg komin með gerð gæðahandbókar. Það er mikið verk en við getum með samstilltu átaki innleitt hana fljótt og vel.

Gæðahandbókin:



Við tökum út alla verkferla og útbúum viðeigandi skjöl og gátlista. Tengjum við lög, reglugerðir og staðla.

Einn ferillinn er nánast tilbúinn:

Nemendafjöldi

Við gerum okkur grein fyrir að nemendum kemur til með að fækka til ársins 2020.

Fæðingarár	Fjöldi nema
1998	48
1999	70
2000	52
2001	45
2002	52
2003	48
2004	54
2005	47
2006	48
2007	52
2008	61

Við verðum að tryggja að Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum geti boðið upp á fjölbreytt námsframboð eins og hann hefur gert og gæði námsins verði þannig að það þyki eftirsóknarvert að stunda nám við skólann.

Ráðherra talar um að færri nemendur eigi að gera skólanna öflugri og þeir eigi rétt á gæðanámi.

2. Nýjar námskrár og stytting námstíma til stúdentsprófs.

Næsta haust verður tekið upp þriggja ára nám til stúdentsprófs. Kjarasamningurinn sem var undirritaður í vor gerði ráð fyrir kerfisbreytingum þess vegna náðust þessar hækkanir. Skólaárið hefur verið lengt og um leið vinnutími nemenda.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum mun bjóða upp eftirfarandi brautir næsta haust:
Framhaldsskólabraut, fyrir þá sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi. (4 anna braut)
Framhaldsskólabraut, fyrir þá sem hafa fallið í einni eða tveimur greinum eða hafa ekki nægjanlega háar einkunnir til að hefja nám á öðrum brautum. (2 anna braut)

Vélstjórnarbraut

Málmiðnir

Grunndeild rafiðna

Sjúkraliðabraut

Grunnnám, fyrir þá sem stefna á nám sem FÍV býður ekki upp á, Námið skipulagt með námsráðgjafa í samráði við viðtökuskóla. (t.d. nám í snyrtifræði, hárgreiðslu, bíliðngreinum).

Stúdentsprófsbraut, 6 annir. 200 feiningar með 100 feininga kjarni ásamt pakkavali sem takur mið af hæfniviðmiðum háskóla.

Það kom út skýrsla 2003 sem fjallaði m.a. um styttingu náms. 2006 var hluti af námsefni framhaldsskólans færður í grunnskólann, 2014 kjarasamningar við kennara. Þurfum að bæta við 3-4 feiningum miðað við það sem búið var að ákveða til að námið taki þrjú ár en námstími hverrar annar hefur lengst.

Starfsbraut fyrir fatlaða, 8 annir.

Framhaldsskólabrautin er að mestu tilbúin þurfum að líta aftur á hana og setja hana inn í námskrárgrunn til samþykktar. Hún var gerð í samstarfi við nokkra skóla sem við eigum ekki lengur í formlegu samstarfi við.

Stúdentsprófsbrautin er ekki tilbúin, ætlum að skoða hvort við gerum hana í samstarfi við Fjölbautaskólann á Selfossi. Við gerðum það einu sinni og það gekk vel.

Þeir hafa svipaðar hugmyndir og við. Styrkur að hafa samvinnu þó að við séum ekki sameinuð. Þess má geta að Skólameistari þar er á sama máli og skólameistari FÍV að það sé þörf á sjálfstæðum skóla í Vestmannaeyjum.

Ráðuneytið ætlað að gefa út dæmabrautir í janúar 2015.

Ferlið við nýjar námskrár er þannig að fyrst setum við áfanganna inn í námskrárgrunn, byggjum upp brautina og biðjum um samþykki. Auglýsing um brautina fer í Stjórnartíðindi eftir að hún hefur verið birt fæst brautin samþykkt.

Þurfum að gera þetta fyrir 1. mars 2015.

Síðan þegar þar að kemur og allar verknámsbrautir verða tilbúnar sækjum við um að allur skólinn fari yfir í nýtt kerfi. Æskilegast að gera það fyrir haustið.

Helga Kristín Kolbeins

Skólameistari

Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum